

100. Fundur rekstrarnefndar Klausturhóla haldinn 16/10 2014 kl 14:00 í fundarsal Skaftárhrepps


Mætt eru á fundinn Kjartan Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Einar Bárðarson, Sigurlaug Jónsdóttir og varamaður í stað Sigurðar Árnasonar, Ragnheiður Hlín Símonardóttir og Rannveig Bjarnadóttir fulltrúi starfsmannan og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri Klausturhóla.

Kjartan Magnússon formaður setur fundinn

1. Kosning varaformanns og ritara. Að lokinni kosningu eru Elín Heiða Valsdóttir skipuð varaformaður nefdarinnar og Einar Bárðarson ritari. Nefndin nákveður fundartíma annan þriðjudag í mánuði a.m.k 6 sinnum á ári.
2. Tekjur og gjöld Klausturhóla eru lítilega yfir áætlun. Klausturhólar eru með nýtingu hjúkrunarrýma umfram áætlun ársins 2014 miðað við 9 mánuða uppgjör. Fundarmenn fara yfir stöðu með Hjúkrunarforstjóra. Ákveðið að fara yfir stöðuna gagnvart ráðuneyti. Ákveðið að fela formanni nefdarinnar og Hjúkrunarforstjóra að ræða við sveitarstjórn um hugsanlegar breytingar á fjölda hjúkrunar- og dvalarrýma Klausturhóla.
3. Drög að fjárhagsáætlun Klausturhóla lögð fram og kynnt. Áætlun er byggð á 3% verðbólguþá og úthlutun frá drögum að fjárlögum ársins 2015. Hjúkrunarforstjóri leggur fram lista úr eftirlitsferð frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dagsett 16. September. Samþykkt að vísa athugasemdum frá Heilbrigðiseftirliti til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar Klausturhóla. Rekstrarnefnd ræðir breytingar á drögum að fjárhagsáætlun og formaður sendir óskir um breytingar til Sveitarstjóra til frekari úrvinnslu
4. A) Búið er að ráða Hjúkrunarfræðing í 30% stöðu hjá Klausturhólum. Unnið verður áfram að samstarfssamningi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
b) Búið að fara yfir stöðu brunavarnarmála og brunaeftirlitskerfi. Samþykkt að fara í nánari yfirferð á brunaeftirlitskerfi og úttekt verði gerð á brunamálum og í framhaldi verði haldin æfing fyrir starfsfólk og heimilisfólk Klausturhóla. Farið yfir rafmagnsnotkun á Klausturhólum og samþykkt að fara yfir orkunotkunarmál á heimilinu. Einari Bárðarsyni falið að skoða orkumálin og ákveða framhald þeirrar vinnu.
c) Samþykkt að sækja um styrk í framkvæmdasjóð Aldraðra til framkvæmda við þakkant og þakrennur á húsnaði Klausturhóla. Klausturhólar eiga inni hjá framkvæmdasjóði aldraðra og fer fram lokaúttekt á þeim framkvæmdum sem styrkir hafa fengist fyrir fram á næstu dögum.
d) Samþykkt að formaður og varaformaður sendi erindi til sveitarstjórnar og óski eftir niðurfellingu húsaleigu ársins 2014

Fleira ekki gert á fundi

Fundi slitið kl 16:10


Einar Bárðarson
Kjartan Magnússon
Ragnheiður Hlín Símonardóttir
Elín Heiða Valsdóttir
Einar Bárðarson